



Dalapósturinn

6. tölublað 2011

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Útboð – Silfurtún

Dalabyggð óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og yfirborðsfrágang á lóð Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns. Útboðsgögn eru seld á 3.000 kr á skrifstofu Dalabyggðar.

Tilboð verða opnuð kl. 13 miðvikudaginn 1. júní n.k. á skrifstofu Dalabyggðar. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Útboð – Laugar

Dalabyggð óskar eftir tilboðum í múrviðgerðir, málun o.fl. á byggingum á Laugum. Útboðsgögn eru seld á 3.000 kr á skrifstofu Dalabyggðar.

Tilboð verða opnuð kl. 14 miðvikudaginn 1. júní nk. á skrifstofu Dalabyggðar. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Vinnuskóli

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 6. júní til 29. júlí og er fyrir unglinga fædda árin 1995-1998. Flokksstjóri verður Guðmundur Sveinn Bæringsson. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er framlengdur til til 31. maí 2011

Félagsþjónusta

Dalabyggð hefur samning við Borgarbyggð um félagsþjónustu, þjónustu við fatlaða og barnavernd. Undir samninginn falla; félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, þjónusta og stuðningur við fólk með fötlun og fjölskyldur fatlaðra barna, leyfisveitingar vegna daggæslu í heimahúsum, leyfisveitingar skv. barnaverndarlögum og barnavernd.

Starfsmenn eru í Búðardal fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði frá kl. 13. Auk þessa er unnt að hafa samband símleiðis aðra virka daga kl. 9-15 til að afla sér upplýsinga og ráðgjafar eða til að panta viðtöl á viðverudögum í Búðardal. Einnig eru veitt viðtöl í Borgarnesi.

Sími hjá starfsmönnum félagsþjónustu utan viðverudaga í Búðardal er sími Borgarbyggðar 433 7100.

Á viðverudögum í Búðardal er hægt að hringja beint í síma 430 4706, farsíma 898 9222 eða gegnum skiptiborð Dalabyggðar 430 4700.

Hreinsun rotþróa

Hreinsun rotþróa fer fram á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að rotþrær séu almennt hreinsaðar á þriggja ára fresti og hefur sveitarfélagið séð um hreinsun frá árinu 2009.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur að mestu verið hreinsað í Hvammssveit, Fellsströnd, Skarðsströnd, Saurbæ, Haukadal, Miðdölum, Hörðudal og Skógarströnd. Í sumar verður hreinsað í Laxárdal og hringnum þar með lokað.

Hafi einhverjir orðið útundan við hreinsun árána 2009 og 2010 eða að þörf er fyrir aukalosun, eru viðkomandi hvattir til að hafa samband við Viðar í síma 894 0013 eða á netfangið vidar@dalir.is hið fyrsta.

Vakin er athygli á að innheimt verður fyrir aukahreinsun skv. gjaldskrá Dalabyggðar (sjá www.dalir.is). Einnig er innheimt aukagjald ef hreinsibíll kemst ekki innan 10 metra frá rotþró.

Matarsmiðja

Í júní verður fundur í Leifsbúð um stofnun matarsmiðju í Dölum. Mikilvægt er að áhugasamir mæti á fundinn eða hafi samband við sveitarstjóra og láta vita af áhuga sínum. Nauðsynlegt er að vita hvort áhugi er fyrir hendi áður að farið verður af stað í frekari vinnu og fjármögnun við verkefnið.

Í matarsmiðjum Matís býðst frumkvöðlum og litlum fyrirtækjum tækifæri til að stunda vöruþróun og hefja smáframleiðslu á matvælum gegn vægu leigugjaldi. Þannig spara þeir sér fjárfestingu í dýrum tækjabúnaði strax í upphafi rekstrar. Með þessu gefst tækifæri til að prófa sig áfram bæði við framleiðsluna og á markaði.

Nánari upplýsingar um matarsmiðjur, þróun, nýsköpun og markaðssetningu matvæla má finna á heimasíðu Matís, www.matis.is

Refa- og minkaveiðar

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur samþykkt reglur um refa- og minkaveiðar sem finna má á heimasíðu Dalabyggðar www.dalir.is. Einungis ráðnum veiðimönnum verður greitt fyrir veiðarnar. Gert er ráð fyrir að eftirtaldir veiðimenn sjái um refaveiðar á tímabilinu 1. apríl 2011 – 31. mars 2012.

Nafn	sv.nr	Svæði
Jóel H Jónasson	1	Skógarströnd (Miðströnd)
Guðmundur Flosi Guðmundsson	2	Skógarströnd (útströnd og innströnd)
Hörður Hjartarson	3	Hörðudalur
Birgir Baldursson	4	Miðdalir (suður)
Finnbogi Harðarson	5	Miðdalir (norður)
Ólafur Guðjónsson	6	Haukadalur
Kristján Jóhannsson	7	Laxárdalur (suður)
Skúli Jónsson	8a	Laxárdalur (norður) að Fáskrúð
Hallgrímur Halldórsson	8b	Fáskrúð - að Svínadalsá/Laxá
Guðmundur K Gíslason	9	Saurbær
Vilhjálmur Arnórsson	10	Hvammssveit vestan Svínadalsár / Laxár
Ingvar Ragnarsson	11	Skarðsströnd
Jón Pétursson	12	Fellsströnd

Garðaúrgangur

Íbúum er vinsamlega bent á að móttaka garðaúrgangs er í Endurvinnslustöðinni við Vesturbraut á opnunartímum hennar, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 15-18 og laugardaga kl. 11-14.

Gras og trjáafklippur er flokkað í hvorn sinn gáminn og plastumbúðir eiga ekki að fylgja.

Lengd viðvera

Sveitarstjórn hefur ákveðið að leggja niður lengda viðveru grunnskólabarna eftir yfirstandandi skólaár. Þetta er gert í hagræðingarskyni, en einnig vegna þess að eftirspurn eftir þjónustunni hefur minnkað verulega.

Opnunartímar sumarið 2011

Eiríksstaðir

1. júní – 31. ágúst alla daga kl. 9 - 18

Byggðasafn Dalamanna

1. júní – 31. ágúst alla daga kl. 12 - 17

Sælingsdalslaug

1.-16. júní	virkir dagar kl. 15-20	helgar kl. 10-18
17. júní	kl. 12-18	
18.-30. júní	virkir dagar kl. 10-20	helgar kl. 10-18
1. -31. júlí	virkir dagar kl. 10-21	helgar kl. 10-19
1. ágúst	kl. 10-19	
2.-14. ágúst	virkir dagar kl. 10-20	helgar kl. 10-18
15.-27. ágúst	virkir dagar kl. 15-20	helgar kl. 12-18
28. ágúst	kl. 12-16	
29. ágúst	lokað	
30. ágúst	kl. 17-20	